

REGLUGERÐ

um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 996/2012 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fóðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 284/2012.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla, I. viðauka og XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 1. maí 2010, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 996/2012 frá 26. október 2012 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fóðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 284/2012.

2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Allur kostnaður við opinbert eftirlit, þ.m.t. sýnataka, greining sýna, geymsla, förgun og allar aðrar ráðstafanir sem gripið er til skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

4. gr.

Innflutnings- eða dreifingaraðilar sem flytja inn eða dreifa vörum sem reglugerð þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

5. gr.

Matvælastofnun hefur eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli og 3. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 27. gr. b og 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð nr. 520/2012.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. apríl 2013.

F. h. r.

Halldór Runólfsson.

Eggert Ólafsson.

Fylgiskjal.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 996/2012**

frá 26. október 2012

um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fódri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 284/2012

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽¹⁾, einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er kveðið á um möguleika á að samþykka viðeigandi neyðarráðstafanir Evrópusambandsins vegna matvæla og fódurs, sem flutt eru inn frá þriðja landi, til að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið ef ekki er hægt að hafa fullnægjandi stjórn á þessari áhættu með þeim ráðstöfunum sem aðildarríkin hafa gripið til hvert fyrir sig.
- 2) Í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu 11. mars 2011 var framkvæmdastjórninni tilkynnt um að styrkur geislavirkra kjarnategunda í tilteknum matvælum, sem eru upprunnin í Japan, væri umfram þau aðgerðarmörk fyrir matvæli sem gilda í Japan. Slík mengun getur skapað hættu fyrir heilbrigði manna og dýra í Evrópusambandinu og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 297/2011 frá 25. mars 2011 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fódri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu ⁽²⁾ var því samþykkt. Í stað þeirrar reglugerðar kom framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 961/2011⁽³⁾, en síðar kom framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2012⁽⁴⁾ í hennar stað.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 284/2012 hefur nokkrum sinnum verið breytt til að taka tillit til þróunar á ástandinu. Þar eð nú er þörf á frekari breytingum er rétt að ný reglugerð komi í stað framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 284/2012.
- 4) Gildandi ráðstafanir hafa verið endurskoðaðar að teknu tilliti til fleiri en 26 000 gagna um tilvik geislavirkni í fódri og matvælum sem japönsk yfirvöld hafa lagt fram varðandi annað ræktunartímabilið frá því að slysið átti sér stað.
- 5) Rétt þykir að undanskilja vörusendingar til einkaneyslu frá beitingu ákvæðanna í þessari reglugerð. Þegar um er að ræða fódur og matvæli úr dýraríkinu skal vísa til ákvæðanna í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 206/2009 frá 5. mars 2009 um aðflutning til Bandalagsins á vörusendingum með afurðum úr dýraríkinu til einkaneyslu og um breytingu á reglugerð (EB) Nr. 136/2004 ⁽⁵⁾. Þegar um er að ræða fódur og matvæli af öðrum toga skal kveða á um að sendingarnar geti aðeins talist vörusendingar til einkaneyslu ef þær eru ekki viðskiptalegs eðlis og eru ætlaðar einkaaðila til einkaneyslu eða notkunar.
- 6) Japönsk yfirvöld hafa veitt framkvæmdastjórninni ítarlegar upplýsingar um það að til viðbótar við áfengu drykkina, sem þegar eru undanþegnir, (sake, viskí og shochu) séu einnig aðrir áfengir drykkir sem innihalda ekki mælanlegan styrk geislavirkni. Ferlið þar sem slípun og gerjun fer fram minnkar geislavirknina í áfenga drykknum í umtalsverðum mæli. Því er rétt að aðrir tilteknir áfengir drykkir falli utan gildissviðs þessarar reglugerðar til að draga úr stjórnsýsluálagi hjá japönskum yfirvöldum og lögbærum yfirvöldum innflutningsaðildarríkjanna.
- 7) Upplýsingar sem japönsk yfirvöld hafa lagt fram færa sönnur á að ekki er lengur nauðsynlegt að krefjast sýnatöku og greiningar á fódri og matvælum sem eru upprunnin í héruðunum Yamanashi og Shizuoka, til að kanna hvort geislavirkni sé fyrir hendi, fyrir útflutning til Evrópusambandsins. Kröfunni um sýnatöku og greiningu skal aðeins viðhaldið að því er varðar te frá Shizuoka og ætisveppi frá Shizuoka og Yamanashi.
- 8) Þar eð styrkur geislavirkni, sem er yfir tilskildum kröfum, eða umtalsverður styrkur geislavirkni finnst enn í fódri og matvælum, sem eru upprunnin í héraðinu Fukushima, er rétt að viðhalda núgildandi kröfum um sýnatöku og greiningu á öllu fódri og matvælum, sem upprunnin eru í því héraði, fyrir útflutning til Evrópusambandsins. Almennu undanþágurnar, t.d. fyrir áfenga drykki og vörusendingar til einkaneyslu, skulu þó gilda áfram í tengslum við slíkt fódur og matvæli.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 80, 26.3.2011, bls. 5.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 252, 28.9.2011, bls. 10.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 92, 30.3.2012, bls. 16.⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 77, 24.3.2009, bls. 1.

- 9) Að því er varðar héruðin Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Tokyo, Iwate, Chiba og Kanagwa, en þar er sem stendur krafist sýnatöku og greiningar á öllu fœðri og matvælum fyrir útflutning til Evrópusambandsins, er rétt að takmarka þá kröfu við ætisveppi, te, lagarafurðir, tilteknar ætar villtar plöntur, tiltekið grænmeti, tiltekin aldin, hrísgrjón og sojabauur og unnar og afleiddar afurðir úr þeim. Sömu kröfur skulu gilda um samsett matvæli sem innihalda meira en 50% af einu eða fleiri innihaldsefnum sem krafist er að séu prófuð fyrir útflutning til Evrópusambandsins.
- 10) Eftirlitið, sem framkvæmt er við innflutning, sýnir að framkvæmd japanskra yfirvalda á sérstöku skilyrðunum, sem kveðið er á um í lögum Evrópusambandsins, er rétt og að ekki hafa komið upp tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum í meira en eitt ár. Því þykir rétt að draga úr tíðni eftirlits við innflutning og skýrslugjöf um niðurstöðurnar til framkvæmdastjórnarinnar.
- 11) Rétt þykir að gera ráð fyrir því að næsta endurskoðun ákvæðanna verði þegar niðurstöðurnar úr sýnatöku og greiningu á því hvort geislavirkni sé fyrir hendi í fœðri og matvælum liggja fyrir eftir þriðja ræktunartímabilið frá því að slysið átti sér stað, þ.e. eigi síðar en 31. mars 2014. Að því er varðar afurðir sem eru aðallega uppskornar á seinni hluta ræktunartímabilsins sem er annað í röðinni og öll gögn sem tilheyra öðru ræktunartímabilinu eru þar af leiðandi enn ekki aðgengileg þykir þó rétt að gera ráð fyrir að næsta endurskoðun ákvæðanna fyrir þessar afurðir verði eigi síðar en 31. mars 2013.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um fœður og matvæli í skilningi 2. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (KBE) nr. 3954/87 ⁽⁶⁾ sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, að undanskildum:

- a) afurðum sem voru sendar frá Japan fyrir 28. mars 2011,
- b) afurðum sem voru uppskornar og/eða unnar fyrir 11. mars 2011,
- c) áfengum drykkjum sem falla undir SN-númer 2203–2208,
- d) vörusendingum með fœðri og matvælum úr dýrarákinu til einkaneyslu sem falla undir 2. gr. reglugerðar (EB) 206/2009,
- e) vörusendingum með fœðri eða matvælum til einkaneyslu sem eru ekki úr dýrarákinu og eru ekki viðskiptalegs eðlis og eingöngu ætlaðar einkaaðila til einkaneyslu eða notkunar. Sönnunarbyrðin skal hvíla hjá viðtakanda vörusendingarinnar ef um vafa er að ræða.

2. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð merkir „umbreytingarráðstafanir sem kveðið er á um í japanskri löggjöf“ þær umbreytingarráðstafanir sem japönsk yfirvöld samþykktu 24. febrúar 2012 að því er varðar hámarksgildi fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137, eins og sett er fram í III. viðauka.

Með „vörusendingu“ er átt við það magn af fœðri eða matvælum, sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar, sem tilheyrir sama flokki eða lýsingu, sem fellur undir sama skjalið eða skjölin, er flutt með sama flutningatæki, frá sama héraði eða héruðum í Japan, innan þeirra marka sem leyfð eru samkvæmt yfirlýsingunni sem um getur í 5. gr.

3. gr.

Innflutningur inn í Evrópusambandið

Fœður og matvæli (hér á eftir nefndar „afurðir“), sem um getur í 1. gr., má aðeins flytja inn í Evrópusambandið ef þau eru í samræmi við þessa reglugerð.

⁽⁶⁾ Stjótið. EB L 371, 30.12.1987, bls. 11.

4. gr.

Hámarksgildi fyrir sesíum-134 og sesíum-137

1. Afurðirnar, sem um getur í 1. gr., að undanskildum þeim sem tilgreindar eru í III. viðauka, skulu vera í samræmi við hámarksgildin fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137, eins og sett er fram í II. viðauka.
2. Afurðirnar, sem tilgreindar eru í III. viðauka, skulu vera í samræmi við hámarksgildin fyrir geislavirkt sesíum sem sett er fram í þeim viðauka.

5. gr.

Yfirlýsing

1. Hverri afurðasendingu, sem um getur í 1. gr., skal fylgja gild yfirlýsing sem er samin og undirrituð í samræmi við 6. gr.
2. Í yfirlýsingunni, sem um getur í 1. mgr., skal:
 - a) staðfesta að afurðirnar séu í samræmi við gildandi löggjöf í Japan og
 - b) tilgreina hvort afurðirnar falli undir umbreytingarráðstafanirnar, sem kveðið er á um í japönsku löggjöfinni, eða ekki.
3. Í yfirlýsingunni, sem um getur í 1. mgr., skal ennfremur votta að:
 - a) afurðin hafi verið uppskorin og/eða unnin fyrir 11. mars 2011 eða
 - b) afurðin, þó ekki te og ætisveppir, sem eru upprunnin í Shizuoka-héraði, og ekki ætisveppir, sem eru upprunnin í Yamanashi-héraði, sé upprunnin í og send frá öðru héraði en Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Tokyo, Chiba Kanagawa eða Iwate, eða
 - c) afurðin sé upprunnin í og send frá Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Tokyo, Chiba, Kanagawa eða Iwate en ekki skráð í IV. viðauka við þessa reglugerð (og af þessum sökum er ekki gerð krafa um greiningu fyrir útflutning), eða
 - d) afurðin sé send frá héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Tokyo, Chiba, Kanagawa eða Iwate en komi ekki upprunalega frá einhverju þessara héraða og hafi ekki orðið fyrir geislavirkni við flutninginn, eða
 - e) ef afurðin er te eða ætisveppir, sem eru upprunnin í Shizuoka-héraði, eða ætisveppir, sem eru upprunnin í Yamanashi-héraði, eða afleidd afurð þeirra eða fôðurblanda eða matvæli sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum: að afurðinni fylgi skýrsla um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu,
 - f) ef afurðin, sem er skráð í IV. viðauka við þessa reglugerð, er upprunnin í héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Tokyo, Chiba, Kanagawa eða Iwate eða er fôðurblanda eða matvæli sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum: að afurðinni fylgi skýrsla um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu. Skráin yfir afurðirnar í IV. viðauka er með fyrirvara um kröfurnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (7), eða
 - g) ef afurðirnar eða innihaldsefnið sem eru meira en 50% eru af óþekktum uppruna: að afurðinni fylgi skýrsla um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu.
4. Ákvæði f-liðar 3. mgr. skulu einnig gilda um afurðir, sem eru veiddar eða uppskornar í strandsjó héraðanna sem þar er getið um, óháð því hvar slíkum afurðum er landað.

6. gr.

Samning og undirritun yfirlýsingarinnar

1. Yfirlýsingin, sem um getur í 5. gr., skal samin í samræmi við fyrirmyndina í I. viðauka.
2. Að því er varðar afurðirnar, sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið 3. mgr. 5. gr., skal viðurkenndur fulltrúi lögbærra japanskra yfirvalda eða viðurkenndur fulltrúi aðila, sem lögbær, japönsk yfirvöld viðurkenna og starfar undir þeirra stjórn og eftirliti, undirrita yfirlýsinguna.
3. Að því er varðar afurðirnar, sem um getur í e-, f- og g-lið 3. mgr. 5. gr., skal viðurkenndur fulltrúi lögbærra, japanskra yfirvalda undirrita yfirlýsinguna og henni skal fylgja skýrsla um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu.

(⁷) Stjótið. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1.

7. gr.

Auðkenning

Hver afurðasending, sem um getur í 1. gr., skal auðkennd með kóða sem skal tilgreindur á yfirlýsingunni sem um getur í 1. mgr. 5. gr., á skýrslunni um greiningu sem um getur í 3. mgr. 5. gr., á heilbrigðisvottorði og á öllum viðskiptaskjölum sem fylgja sendingunni.

8. gr.

Skoðunarstöðvar á landamærum og tilnefndur komustaður

Afurðasendingar, sem um getur í 1. gr., að undanskildum þeim sem falla undir tilskipun ráðsins 97/78/EB⁽⁸⁾, skulu fluttar inn í Evrópusambandið um tilnefndan komustað í skilningi b-liðar 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009⁽⁹⁾ (hér á eftir nefndur „tilnefndur komustaður“).

9. gr.

Fyrirframtilkynning

Stjórnendur fóður- og matvælafyrirtækja eða fulltrúar þeirra skulu senda lögbærum yfirlýsingu á skoðunarstöð á landamærum eða á tilnefndum komustað fyrirframtilkynningu um komu hvernar afurðasendingar, sem um getur í 1. gr., a.m.k. tveimur virkum dögum áður en sendingin kemur á staðinn.

10. gr.

Opinbert eftirlit

1. Lögbær yfirlýsing á skoðunarstöð á landamærum eða tilnefndum komustað skulu annast:
 - a) sannprófun skjala með öllum afurðasendingum sem um getur í 1. gr.,
 - b) eftirlit með ástandi og sannprófun auðkenna, þ.m.t. greiningu á rannsóknarstofu, til að kanna hvort sesíum-134 og sesíum-137 sé fyrir hendi í 5% af sendingunum.
2. Sendingar skulu vera undir opinberu eftirliti að hámarki í fimm virka daga þar til niðurstaða fæst úr greiningu á rannsóknarstofu.
3. Ef niðurstöður greiningar á rannsóknarstofu leiða í ljós að ábyrgðaryfirlýsingarnar, sem veittar eru í yfirlýsingunni, eru rangar telst yfirlýsingin ógild og sendingin af fóðri eða matvælum er ekki í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

11. gr.

Kostnaður

Stjórnandi fóður- og matvælafyrirtækisins skal bera allan kostnað, sem um getur í 10. gr., sem fellur til vegna opinbers eftirlits og annast allar ráðstafanir sem gripð er til ef ákvæðum er ekki fylgt.

12. gr.

Setning í frjálsa dreifingu

Sendingarnar má því aðeins setja í frjálsa dreifingu ef stjórnandi fóður- og matvælafyrirtækis eða fulltrúi þess leggur fram yfirlýsingu hjá töllyfirlýsingu, eins og um getur í 1. mgr. 5. gr.:

- a) sem lögbært yfirvald á skoðunarstöðinni á landamærum eða tilnefnda komustaðnum hefur áritað á viðeigandi hátt og
- b) þar sem sýnt er fram á að opinbert eftirlit, sem um getur í 10. gr., hafi farið fram og að niðurstöður þess eftirlits hafi verið hagstæðar.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11.

13. gr.

Afurðir sem ekki uppfylla ákvæði

Afurðir sem uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar skulu ekki settar á markað. Slíkum afurðum skal fargað á öruggan hátt eða þær sendar aftur til upprunalandsins.

14. gr.

Skýrslur

Aðildarríki skulu nota hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður (RASFF) til að upplýsa framkvæmdastjórnina á þriggja mánaða fresti um allar niðurstöður úr greiningum. Sú skýrsla skal send í fyrsta mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs.

15. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 284/2012 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

16. gr.

Umbreytingarráðstöfun

Þrátt fyrir 3. gr. má flytja afurðir, sem um getur í 1. gr., inn í Evrópusambandið ef þær eru í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 284/2012 ef:

- a) afurðirnar voru sendar frá Japan fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða
- b) afurðunum fylgir yfirlýsing, sem er í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 284/2012, sem var gefin út fyrir 1. nóvember 2012 og afurðirnar voru sendar frá Japan fyrir 1. desember 2012.

17. gr.

Gildistaka og gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda á gildistökuþegi og gildir til 31. mars 2014.

Þessi reglugerð skal endurskoðuð fyrir 31. mars 2013 að því er varðar afurðirnar sem eru aðallega uppskornar á tímabilinu frá ágúst til nóvember og að því er varðar fisk og lagarafurðir.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. október 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

YFIRLÝSING FYRIR INNFLUTNING TIL EVRÓPUSAMBANDSINS Á

..... (Afurð og upprunaland)

Auðkenniskóði framleiðslulotu **Yfirlýsing nr.**

Samkvæmt ákvæðum framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 996/2012 frá 29. mars 2012 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fódri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu

(viðurkenndur fulltrúi sem um getur í 2. eða 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 996/2012)

LÝSIR ÞVÍ YFIR að

.....(afurðir sem um getur í 1. gr.)

í þessari vörusendingu sem er samsett úr:

.....(lýsing á vörusendingu, afurð, fjöldi og tegund pakkninga, brúttó- eða nettóþyngd)

fermd í(fermingarstaður)

hinn(fermingardagur)

af(nafn flutningsaðila)

fer til.....(ákvörðunarstaður og -land)

sem kemur frá starfsstöðinni

.....(nafn og pósthfang starfsstöðvar)

eru í samræmi við gildandi löggjöf í Japan að því er varðar hámarksgildi fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137.

LÝSIR ÞVÍ YFIR að vörusendingin varðar fódur eða matvæli sem

 falla ekki undir umbreytingarráðstafanirnar sem kveðið er á um í japönsku löggjöfinni (sjá III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 996/2012) að því er varðar hámarksgildi fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137 **falla undir umbreytingarráðstafanirnar** sem kveðið er á um í japönsku löggjöfinni (sjá III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 996/2012) að því er varðar hámarksgildi fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137

LÝSIR ÞVÍ YFIR að vörusendingin varðar:

 fódur eða matvæli sem voru uppskorin og/eða unnin fyrir 11. mars 2011, fódur eða matvæli sem eru upprunnin í og eru send frá öðrum héruðum en Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Tokyo, Chiba, Kanagawa og Iwate, þó ekki te og ætisveppir sem eru upprunnin í Shizuoka-héraði og ætisveppir sem eru upprunnir í Yamanashi-héraði, fódur og matvæli sem eru send frá héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Tokyo, Chiba, Kanagawa og Iwate en koma ekki upprunalega frá einhverju þessara héraða og hafa ekki orðið fyrir geislavirkni við flutninginn, eða fódur og matvæli, sem eru ekki skráð í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 996/2012, sem eru upprunnin í og send frá Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Tokyo, Chiba, Kanagawa og Iwate, te eða ætisveppi eða fódurlöndu eða matvæli, sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum, sem eru upprunnin í Shizuoka-héraði og að sýni var tekið úr henni(dagsetning), og sett í greiningu á rannsóknarstofu

(dagsetning) á

(heiti rannsóknarstofu), til að ákvarða styrk geislavirku kjarnategundanna sesíums-134 og sesíums-137. Skýrslan um greiningu fylgir með,

- ætisveppi eða fôðurlöndu eða matvæli, sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum, sem eru upprunnin í Yamanashi-héraði og að sýni var tekið úr henni (dagsetning), og sett í greiningu á rannsóknarstofu
(dagsetning) á
(heiti rannsóknarstofu), til að ákvarða styrk geislavirku kjarnategundanna sesíums-134 og sesíums-137. Skýrslan um greiningu fylgir með,

- fôður og matvæli, sem eru skráð í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 996/2012, eða fôðurlöndu eða matvæli sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum, sem eru upprunnin í héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Tokyo, Chiba, Kanagawa og Iwate, og að sýni var tekið úr henni (dagsetning), og sett í greiningu á rannsóknarstofu (dagsetning) á (heiti rannsóknarstofu), til að ákvarða styrk geislavirku kjarnategundanna sesíums-134 og sesíums-137. Skýrslan um greiningu fylgir með,

- fôður og matvæli af óþekktum uppruna eða sem innihalda meira en 50% af innihaldsefni eða -efnum af óþekktum uppruna og að sýni var tekið úr henni (dagsetning), og sett í greiningu á rannsóknarstofu (dagsetning) á (heiti rannsóknarstofu), til að ákvarða styrk geislavirku kjarnategundanna sesíums-134 og sesíums-137. Skýrslan um greiningu fylgir með.

Gjört í hinn

Stimpill og undirskrift viðurkennds fulltrúa sem um getur í 2. eða 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 996/2012,

ÞESSI HLUTI SKAL Fylltur út af LÖGBÆRU YFIRVALDI Á SKODUNARSTÖÐ Á LANDAMÆRUM Eða TILNEFNDUM KOMUSTAD

- Vörusendingin hefur verið samþykkt til framlagningar hjá tollyfirvöldum í því skyni að setja hana í frjálsa dreifingu í Evrópusambandinu.

- Vörusendingin hefur EKKI verið samþykkt til framlagningar hjá tollyfirvöldum í því skyni að setja hana í frjálsa dreifingu í Evrópusambandinu.

.....
(Lögbært yfirvald, aðildarríki)

.....
Dagsetning

.....
Stimpill

.....
Undirskrift

II. VIÐAUKI

Hámarksgildi fyrir matvæli ⁽¹⁾ (Bq/kg) eins og kveðið er á um í japanskri löggjöf

	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn	Mjólk og drykkir sem eru að stofni til úr mjólk	Önnur matvæli, að eftirfarandi undanskildum: - ölkelduvatn og áþekkir drykkir - te sem er lagað úr ógerjuðum laufum	Ölkelduvatn og áþekkir drykkir og te sem er lagað úr ógerjuðum laufum
Samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137	50 ⁽²⁾	50 ⁽²⁾	100 ⁽²⁾	10 ⁽²⁾

(¹) Þegar um er að ræða þurrkaðar vörur, sem ætlaðar eru til neyslu eftir að þær hafa verið endurgerðar með því að bæta vatni í þær, á hámarksgildið við um endurgerðu vöruna þegar hún er tilbúin til neyslu. Þegar um er að ræða þurrkaða ætisveppi skal beita endurgerðarstuðlinum 5. Þegar um er að ræða te á hámarksgildið við um seyðið sem er lagað úr telafunum. Vinnslustuðullinn fyrir þurrkað te er 50 og því tryggir hámarksgildi sem nemur 500 Bq/kg fyrir þurrkuð telafur að styrkurinn í lagaða teinu fari ekki yfir hámarksgildið 10 Bq/kg.

(²) Til að tryggja samræmi við hámarksgildin sem gilda, eins og sakir standa, í Japan skulu þessi gildi koma til bráðabirgða í staðinn fyrir gildin sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (KBE) nr. 3954/87.

Hámarksgildi fyrir fóður ⁽¹⁾ (Bq/kg) eins og kveðið er á um í japanskri löggjöf

	Fóður sem er ætlað fyrir nautgripi og hesta	Fóður sem er ætlað fyrir svín	Fóður sem er ætlað fyrir alifugla	Fiskafóður ⁽³⁾
Samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137	100 ⁽²⁾	80 ⁽²⁾	160 ⁽²⁾	40 ⁽²⁾

(¹) Hámarksgildi í fóðri, reiknað út frá 12% rakainihaldi.

(²) Að undanskildu fóðri fyrir skrautfiska.

(³) Til að tryggja samræmi við hámarksgildin sem gilda, eins og sakir standa, í Japan skal þetta gildi koma til bráðabirgða í staðinn fyrir gildið sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (KBE) nr. 770/90 (Stjtið. EB L 83, 30.3.1990, bls. 78).

III. VIÐAUKI

UMBREYTINGARRÁÐSTAFANIR SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í JAPANSKRI LÖGGJÖF OG ER BEITT Í TENGLUM VIÐ ÞESSA REGLUGERÐ

- a) Mjólk og mjólkurafurðir, ókelduvatn og áþekkir drykkir, sem eru framleidd og/eða unnin fyrir 31. mars 2012, skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíum en sem nemur 200 Bq/kg. Önnur matvæli, að undanskildum hrísgrjónum, sojabaunum og afurðum sem eru unnar úr þeim, sem eru framleidd og/eða unnin fyrir 31. mars 2012 skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíum en sem nemur 500 Bq/kg.
 - b) Afurðir úr hrísgrjónum, sem eru framleiddar og/eða unnar fyrir 30. september 2012, skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíum en sem nemur 500 Bq/kg.
 - c) Sojabaunir, sem eru uppskornar og settar á markað fyrir 31. desember 2012, skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíum en sem nemur 500 Bq/kg.
 - d) Afurðir úr sojabaunum, sem eru framleiddar og/eða unnar fyrir 31. desember 2012, skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíum en sem nemur 500 Bq/kg.
-

IV. VIÐAUKI

FÓÐUR OG MATVÆLI ÞAR SEM KRAFIST ER SÝNATÖKU OG GREININGAR TIL AÐ KANNA HVORT SESÍUM-134 OG SESÍUM-137 SÉ FYRIR HENDI FYRIR ÚTFLUTNING TIL EVRÓPUSAMBANDSINS

- a) afurðir sem eru upprunnar í héraðinu Fukushima:
- allar afurðir, með tilliti til undanþáganna sem kveðið er á um í 1. gr. þessarar reglugerðar,
- b) afurðir sem eru upprunnar í héraðinu Shizuoka:
- te og unnar afurðir úr því sem falla undir SN-númer 0902210120 og 22029010,
 - ætisveppir og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 070951, 070959, 07108061, 07108069, 07115100, 071159, 071231, 071232, 071233, 071239, 200310, 200390 og 20059980,
- c) afurðir sem eru upprunnar í héraðinu Yamanashi:
- ætisveppir og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 070951, 070959, 07108061, 07108069, 07115100, 071159, 071231, 071232, 071233, 071239, 200310, 200390 og 20059980,
- d) afurðir sem eru upprunnar í héruðunum Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Saitama, Tokyo, Chiba, Kanagawa eða Iwate:
- te og unnar afurðir úr því sem falla undir SN-númer 0902, 210120 og 22029010,
 - ætisveppir og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 070951, 070959, 07108061, 07108069, 07115100, 071159, 071231, 071232, 071233, 071239, 200310, 200390 og 20059980,
 - fiskur og lagarafurðir sem falla undir SN-númer 0302, 0303, 0304, 0305, 0306, 0307 og 0308 (*),
 - hrísgrjón og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 1006, 11029050, 11031950, 11032050, 11041991, 11041999, 11042917, 11042930, 11042959, 11042989, 11043090, 1901, 19041030, 19042095, 19049010 og 190590 (*),
 - sojabauur og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 120190, 120810, 1507 (*),
 - adukibauur (e. *adzuki-bean*) sem falla undir SN-númer 070820, 07133200 og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer á borð við 110610 (*),
 - bláber og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 08104030, 08104050, 08119050, 08119070, 08129040, 08134095,
 - gíngkóhnetur sem falla undir SN-númer 08029085 og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer á borð við 08119019, 08119039, 08119095, 08129098, 08134095,
 - vorapríkósur (e. *Japanese apricot*) sem falla undir SN-númer 08094005 og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer á borð við 08119019, 08119039, 08119095, 08129098, 08134095,
 - sitrusávéxtir sem falla undir SN-númer 0805, hýði af sitrusávéxtum sem falla undir SN-númer 08140000 og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer á borð við 08119019, 08119039, 08119095, 08129025, 08129098, 08134095 (*),
 - gallaldin sem falla undir SN-númer 08107000 og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer á borð við 08119019, 08119039, 08119095, 08129098, 08134095 (*),
 - granatepli sem falla undir SN-númer 08109075 og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer á borð við 08119019, 08119039, 08119095, 08129098, 08134095 (*),
 - ilmvefja (*Akebia quinata*) og unnar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 08109075, 08119019, 08119039, 08119095, 08129098 og 08134095,
 - kjarnaávéxtir (*Chaenomeles*) sem falla undir SN-númer 08109075 og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer á borð við 08119019, 08119039, 08119095, 08129098, 08134095 (*),
 - papavaldin (*Asimina triloba*) sem falla undir SN-númer 08109075 og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer á borð við 08119019, 08119039, 08119095, 08129098, 08134095 (*),
 - perur sem falla undir SN-númer 08083010 og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer á borð við 08119019, 08119039, 08119095, 08129098, 08134030 (*),
 - kastaniuhnetur sem falla undir SN-númer 08024100 og 08024200 og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer á borð við 08119019, 08119039, 08119095, 08129098, 08134095 (*),
 - valhnetur sem falla undir SN-númer 08023100 og 08023200 og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer á borð við 08119019, 08119039, 08119095, 08129098, 08134095 (*),
 - ashitaba (*Angelica keiskei*) og unnar afurðir úr því sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - gandaffill (*Petasites japonicus*) og unnar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,

- japanskur engifer (*Zingiber mioga*) sem fellur undir SN-númer 070999, 071080, 071190, 071290 og unnar afurðir úr honum á borð við þær sem falla undir SN-númer 20089949, 20089967,
 - ætir hlutar *Aralia* sp. og unnar afurðir hennar sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - bambussprotar (*Phyllostacys pubescens*) og unnar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190, 071290, 200490 og 200591,
 - amnarburkni (*Pteridium aquilinum*) og unnar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - ætir hlutar af japanskri piparrót eða wasabi (*Wasabia japonica*) og unnar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190, 071290 og 091099,
 - japönsk steinselja (*Oenanthe javanica*) og unnar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - aníspipar (*Zanthoxylum piperitum*) sem fellur undir SN-númer 091099,
 - japanskur kóngaburkni (*Osmunda japonica*) og unnar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - koshiabura (sprotar af *Eleuterococcus sciadophylloides*) og unnar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - momijigasa (*Parasenecio delphinifolius*) og unnar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - körfuburkni (*Matteuccia struthiopteris*) og unnar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - fjallabruska (*Hosta Montana*) og unnar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - uwabamisou (*Elatostoma umbellatum* var. *majus*) og unnar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - sigurlaukur (*Allium victorialis* subsp. *Platyphyllum*) og unnar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 070310, 071080, 071190 og 071290,
 - þistill (*Cirsium japonicum*) og unnar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290 (*),
 - yobusumaso (honma) (*Cacalia hastata* ssp. *orientalis*) og unnar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290,
 - oyamabokuchi (*Synurus pungens*) og unnar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290 (*),
 - klóelfting (*Equisetum arvense*) og unnar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190 og 071290 (*),
 - silfurflétta (*Actinidia polygama*) og unnar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 08109075, 08119019, 08119039, 08119095, 08129098 og 08134095 (*),
 - þerrirót (*Colocasia esculenta*) og unnar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 071440 (*),
 - yacon (*Smallanthus sonchifolius*) og unnar afurðir úr því sem falla undir SN-númer 070999, 071080, 071190, 071290 og 071490 (*).
- (*) Skráning þessara afurða skal endurskoðuð fyrir 31. mars 2013 með tilliti til niðurstaðna úr greiningum á tímabilinu frá september 2012 til desember 2012.
- e) samsettar vörur sem innihalda meira en 50% afurðanna sem um getur í a-, b-, c- og d-lið þessa viðauka.